

Framboð til kirkjuþings

Sólveig Þórðardóttir

9. kjördæmi
Suðurprófastsdæmi

Ég heiti Sólveig Þórðardóttir, ég er fædd 2. júlí 1967 í Vík í Mýrdal og ólst þar upp. Ég átti 4 systkini, en tvö eru látin. Ég fór í Fjölbrautaskóla Suðurlands og lauk þar Verslunarprófi. Ég bý ásamt eiginmanni mínum, Árna Eiríkssyni á Skúflæk II Norðurbæ í Flóahreppi, við eigum 4 börn og 5 barnabörn, tvö yngstu „börnin“ 20 og 24 ára búa enn heima. Ég hef starfað sem skrifstofumaður, bæði hjá Búnaðarbankanum og sem deildarstjóri í umboði Tryggingastofnunar hjá Sýslumanningum á Selfossi til 2006.



Ég var ritari Kvenfélags Villingaholtshrepps í 6 ár og svo formaður þess í önnur 6 ár, og er ég enn virk í kvenfélaginu. Þá var ég formaður ritnefndar hjá Sambandi sunnlenskra kvenna í 7 ár og er núna formaður þeirra samtaka frá 2023. Þá er ég gjaldkeri Villingaholtssóknar í Árbogarprestakalli frá 2009 og einnig formaður frá 2014. Því þekki ég vel innra starf kirkjunnar og þær áskoranir sem þar eru í fjármálum. Einnig er ég félagi í kirkjukór Hraungerðis- og Villingaholtskirkju og hef verið með hléum í 18 ár. Áhugamál mín eru lestur og hannyrðir hverskonar, samverustundir með fjölskyldunni eru þó dýrmætastar.

Ástæða þess að ég býð mig fram til Kirkjuþings, eru brennandi áhugi minn á kirkjunni og hennar málefnum. Ég er alin upp við trú á Guð, og að sækja athafnir í kirkjunni, trúin hefur verið mér styrkur á erfiðum stundum. Sálgæslu og fjölskylduþjónustan er mjög nauðsynleg og mikilvægt að sú starfsemi verði sem virkust. Þau málefni sem mér þykja mjög mikilvæg eru barnastarf kirkjunnar því þar er grunnurinn sem allt byggist á. Einnig þurfum að fá til baka sóknargjöldin. Ég hef trú á að ég geti látið gott af mér leiða í málefnum kirkjunnar, ég mun leggja mig alla fram um að sinna öllum þeim málefnum sem mér er trúnað fyrir af alúð og vandvirkni.